

**Sp.**

**553. Tillaga til þingsályktunar**

**[185. mál]**

um athugun á brunatryggingum húseigna utan Reykjavíkur.

Flm.: Magnús Jónsson, Einar Ingimundarson, Jónas Rafnar, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka í samráði við sýslunefndir og bæjarstjórnir utan Reykjavíkur, hvernig brunatryggingum húsa í bæjum og sveitum verði hagkvæmast fyrir komið. Skal rannsókn þessari lokið það snemma, að auðið verði að gera á næsta þingi þær lagabreytingar, sem nauðsynlegar kunna að verða.

#### Greinargerð.

Samkvæmt lögum er skylt að brunatryggja allar húseignir á landinu, nema úti-hús í sveitum, ef þau eru nægilega aðgreind frá íbúðarhúsum. Húseignir utan Reykjavíkur eru samkv. l. nr. 73/1942 skyldutryggðar hjá Brunabótafélagi Íslands, sem er gagnkvæmt ábyrgðarfélag, en um brunatryggingar í Reykjavík gilda sérlög, nr. 1/1924. Er bæjarstjórn Reykjavíkur með þeim lögum veittur réttur til þess að leita tilboða tryggingafélaga um brunatryggingar í bænum og reyna þannig á samkeppnisgrundvelli að ná sem hagkvæmustum tryggingaskilmálum. Önnur sveitarfélög á landinu eru hins vegar bundin með lögum við ákveðið tryggingafélag og verða að hlíta skilmálum þess. Hefur orðið vart allmikillar óánægju og gagnrýni á þetta skipulag, einkum í kaupstöðunum, sem ýmsir telja sig mundu ná betri tryggingakjörum með frjálsu útbóði.

Á þessu máli eru margar hliðar, og verður að teljast varhugavert að leggja niður Brunabótafélag Íslands, nema ýtarleg athugun á skipulagi trygginganna leiði í ljós, að önnur skipun mála sé hagkvæmari og ódýrari fyrir húseigendur í bæjum og sveitum landsins.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur nú í hyggju að breyta nokkuð skipun brunatrygginga í bænum á grundvelli fenginnar reynslu. Ekki er fyrir hendi hliðstæð athugun á tilhögun brunatrygginga utan Reykjavíkur, þannig að nægilega hafi verið gerður samanburður á þeim ýmsu leiðum, sem til greina koma. Flutningsmenn þessarar til- lögu telja ekki tímabært að kveða upp úr um það, að sama skipun henti sveitarfélögum úti um land og Reykjavík. En þar sem hér er um mikilvægt hagsmunamál allra húseigenda í sveitum og bæjum landsins að ræða og allmikillar gagnrýni hefur orðið vart á núverandi skipun brunatrygginganna, teljum við sjálfsagt, að heildarathugun fari nú fram á brunatryggingunum. Er nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hafi forustu um þessa rannsókn, en að sjálfsögðu þarf að hafa samráð við hinar ýmsu bæjar- stjórnir og sýslunefndir og leita álits þeirra, áður en gengið er frá endanlegum til- lögum í málinu.